

Umsögn:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma

Þingskjal nr. 456, 355. mál.

Í tillöggunni er lagt til að undirbúningur verði hafinn að því að gera þjóðhagsáætlun til langs tíma. Þær hagspár sem gerðar eru hér á landi af t.d. Seðlabanka og Hagstofu ná til tveggja til þriggja ára og eru í eðli sínu skammtímaspár. Fram til þessa hafa fáar langtímaspár verið gerðar hér á landi, en nefna má fólksfjöldaspár sem gerðar eru reglulega og kynslóðareikninga. Langtímaspár geta eðli máls samkvæmt aldrei orðið nákvæmar spár og eru kostnaðarsamar séu þær vandaðar. Aftur á móti geta þær bent á kerfislæg vandamál sem einfalt og ódýrt gæti verið að leysa snemma, en mun erfiðara og dýrara síðar. Kostnaður við gerð spánna getur því mjög auðveldlega borgað sig.

Erlendis tíðkast að gerðar eru langtímaspár út frá stöðu mála til þess að bera kennsl á vandamál sem geta safnast upp yfir tíma. Þarna er um að ræða efnahagsspár, spár um þróun mannfjölda og vinnuafli; Spár um í hvaða greinum líklegt er að muni skorta vinnuafli síðar meir. Með því er hægt að hvetja fólk til náms tímanlega til að koma í veg fyrir skort.

Í tillöggunni er rætt um þróun lífeyrisskuldbindinga. Lífeyriskerfi okkar Íslendinga er stærra en flestra annarra og því fær fyrirmyndir sem við getum leitað til. Jafnframt er það okkur lífsnauðsyn að kerfið virki eins og best verði á kosið og komið verði auga á hugsanleg vandamál í tíma svo ekki hljótist óyffirstíganlegur kostnaður síðar. Því meiri þekking sem er til staðar á hættum sem fylgja lífeyrissjóðakerfinu því traustari verður rekstur lífeyrissjóðanna og minni líkur á því að kerfið sem slíkt verði fyrir áföllum.

Mikið álag er nú á náttúru Íslands og tekist á um náttúruvernd og virkjanir. Rannsóknir þar sem horft er til langs tíma getur leitt í ljós afleiðingar mismunandi valkosta til lengri tíma og þannig aðstoðað okkur Íslendinga til að taka ákvarðanir um auðlindir okkar til framtíðar.

Ég mæli því eindregið með því að tillagan verði samþykkt.

Reykjavík, 18. maí, 2015.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.